



KENNARASAMBAND
ÍSLANDS

Ársfundur KÍ 19. apríl 2013 samþykkir eftirfarandi ályktun:

Kennaramenntun

Kallað eftir samstöðu um nýja kennaramenntun

Ársfundur Kennarasambands Íslands haldinn á Grand Hótel 19. apríl 2013 lýsir ánægju sambandsins með nýja kennaramenntun sem samþykkt var á Alþingi árið 2008. Með því viðurkenndi löggjafinn að efla þyrfti menntun kennara enda um sérfræðingsstarf að ræða þar sem krafist er fagmennsku, frumkvæðis, forystu, læsis á rannsóknir o.fl. Kennarastarfið er eitt mikilvægasta starfið í samfélaginu. Til þess að Íslendingar eigi á að skipa góðum kennurum á öllum skólastigum er nauðsynlegt að menntun þeirra sé framúrskarandi og í samræmi við þær menntunarkröfur sem gerðar eru til annarra sérfræðinga í þjóðfélaginu.

Að mótun laganna komu allir hagsmunaaðilar sem í hlut eiga, þ.e. fulltrúar ríkisvalds, sveitarfélaga, kennarasamtaka og samtaka foreldra. Niðurstaðan var sameiginleg og um hana ber að standa vörð. Því er varað við hugmyndum sem fram hafa komið, bæði frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einstaka stjórnmalaflokkum um að stíga til baka og draga úr metnaðarfullri framtíðarsýn sem sett var fram með lögunum á sínum tíma. Ársfundurinn skorar á alla sem láta sig skólastarf varða að sameinast um nýja kennaranámið og gera það eftirsóknarvert fyrir ungt fólk sem er að velja sér háskólanám.